

## *Hugarhættir vinnustofunnar*

Lois Hetland, Ellen Winner, Shirley Veenema og Kimberly M. Sheridan. (2007).  
*Studio Thinking: The real benefits of visual arts education*. New York: Teachers  
College Press. 120 bls.

Margir líta svo á að myndlistakennsla hafi jákvæð áhrif á nám í öðrum greinum, en fáir hafa útskýrt hvers vegna. Í bókinni *Studio Thinking: The real benefits of visual arts education* (2007) kynna höfundarnir, Lois Hetland, Ellen Winner, Shirley Veenema og Kimberly M. Sheridan, niðurstöður fyrstu rannsóknar sem gerð hefur verið á hugsana-  
venjum nemenda í myndlistanámi. Þessar hugarvenjur vinnustofunnar kalla þær *studio habits of mind* en í þessari umfjöllun verður notað hugtakið *hugarhættir*. Höf-  
undarnir leggja áherslu á að slíkir hugarhættir hafi jákvæð áhrif á nám í öllum náms-  
greinum. Bókin færir myndlistakennurum, og öðrum kennurum, rannsóknarmiðað  
tungutak sem lýsir því sem þeir ætla að kenna og því sem nemendur læra og hefur  
þannig áhrif á þróun kennslu myndlistakennara og fágun kennsluhátta. Auk þess  
getur bókin frætt almenna kennara um kennsluhætti myndlistakennslu.

## RANNSÓKN HETLAND OG FÉLAGA OG AÐDRAGANDI HENNAR

Árið 2000 skoðuðu Winner og Hetland fjölda rannsókna á tengslum listkennslu og sér-  
staks árangurs í akademísku námi. Niðurstöðurnar birtust í *Journal of Aesthetic Education*  
(Winner og Hetland, 2000). Þar kemur fram að í sjö af tíu slíkum safngreiningum var  
ekki að finna orsakatengsl milli listgreina og betri árangurs í bóklegu námi. Af þessu  
drógu þær þá ályktun að staðhæfingar um að nám í listum leiddi til betri árangurs  
í öðrum greinum stæðu ekki á traustum vísindalegum grunni. Þær ákváðu að áður  
en hægt væri að rannsaka hvort nám í listum/myndlist hefði yfirfærslugildi þyrfti  
að rannsaka nám og kennslu í listum, það er hvað kennarar kenna, hvernig þeir fara  
að því og hvað nemendurnir læra. Þær, ásamt Sheridan og Veenema, hófu rannsókn  
á því hvernig góðri kennslu í sjónlistum er háttað og segja frá rannsókninni í bókinni

sem hér er til umfjöllunar (hér eftir er vísað til hennar sem „Hetland og félagar“ og persónufornöfn höfð í kvenkynti).

Rannsókn Hetland og féлага fór fram í tveim skólum í Boston og nemendur voru 14–18 ára. Í skólunum var sérstök áhersla lögð á listkennslu og listgreinakennararnir voru jafnframt starfandi listamenn. Kennsla í greinunum var mikil eða meira en tíu stundir á viku. Fylgst var með kennslu fimm myndlistakennara við skólana tvo og yfir 100 klukkustundir af efni voru teknar upp á myndband auk þess sem stuðst var við skriflegar vettvangsathuganir og minnisblöð. Löng viðtöl voru tekin við kennarana og valin myndskreið skoðuð með þeim og rædd til hlítar.

Hetland og félagar vildu leggja upp í rannsóknina með sérstaklega gott dæmi um myndlistakennslu og völdu skóla þar sem nemendur tóku námið af fullri alvöru. Hetland og félagar litu ekki á þessa hlutdrægni sem vandamál því rannsóknaráhugi þeirra beindist fyrst og fremst að þeim ávinningi sem felst í myndlistanámi þar sem skilyrðin eru eins hagstæð og mögulegt er.

Hetland og félagar þróðu líkan sem þær kalla vinnustofuhugsun (e. studio thinking) og var byggt á rannsóknargögnunum sem þær öfluðu á einu ári. Líkanið samanstendur af hugarháttum vinnustofunnar (e. studio habits of mind) og vinnustofustoðum (e. studio structures).

## VINNUSTOFUSTOÐIR

Í rannsóknargögnum sínum greindu Hetland og félagar ákveðin tilbrigði eða sam-eiginleg einkenni í kennslu allra kennaranna sem þær kalla vinnustofustoðir. Stoðirnar lýsa þremur aðskildum þáttum kennslunnar sem sýna hvernig kennararnir byggja upp kennsluna og viðfangsefni nemenda.

**Sýnikennsla – fyrirlestur** er stuttur sjónrænn fyrirlestur þar sem kennari leggur inn verkefni og miðlar upplýsingum. Hann sýnir vinnubrögð, lýsir hugtökum eða sýnir notkun áhalda og efna til að ná ákveðinni leikni eða tilgangi. Auk þess er ætlunin með sýnikennslu að upplýsingar sem miðlað er á þennan hátt komi að notum samstundis.

**Nemendur við vinnu** er lífæð myndlistastofunnar. Nemendur vinna sjálfstætt að verkefnum sínum, viðfangsefnum sem hafa að jafnaði verið kynnt fyrir þeim í sýnikennslu. Kennarinn fylgist með, gengur á milli nemenda, ræðir við þá um hvernig verkinu miðar, gerir athugasemdir og kemur með persónulegar ábendingar.

**Gagnrýni** er snar þáttur í myndlistanámi í vinnustofustíl og gefur tækifæri til sam-eiginlegrar ígrundunar og umræðu um verkin. Gagnrýni (eða yfirferð eins og það er kallað í myndlistanámi á Íslandi) er öflugt kennslutæki sem beinist að vinnu nemenda og vinnuferli. Nemendur deila upplifun sinni af eigin verkum og annarra með kennaranum og hinum nemendunum og fá svörun frá þeim.

## HUGARHÆTTIR VINNUSTOFUNNAR

Rannsóknin leiddi í ljós að myndlistakennsla sem byggist á kennsluháttum vinnustofunnar stuðlar að ákveðnum hugarháttum. Í greiningu sinni setja Hetland og félagar fram átta gerðir slíkra hugarháttá:

**Að efla tæknilega færni** (e. develop craft): Markmiðið er að þróa leikni í tækni handverksins. Nemendur læra að nota áhöld og efni, reglur og aðferðir; að þekkja notkunarmöguleika þeirra.

**Að einbeita sér og sýna þrautseigju** (e. engage and persist): Nemendur læra að gefa sig að verkefnum í langan tíma; að einbeita sér og þroska með sér innri staðfestu; að gefast ekki upp.

**Að ímynda sér** (e. envision): Nemendur sjá fyrir og ímynda sér næstu möguleg skref. Þeir móta myndir í hugarum og nota þær til leiðbeiningar í framvindu verksins og því að leita lausna.

**Að tjá sig** (e. express): Nemendur læra að skapa verk sem búa yfir tilfinningu og hugblæ og bera með sér þeirra eigin rödd eða sýn. Þegar kemur að tjáningu í sköpun þarf að fara lengra en tæknin og handverkið nær og setja fram persónulega sýn í verkinu.

**Að horfa og sjá** (e. observe): Nemendur læra að horfa og veita sjónrænu samhengi hlutanna athygli og að taka eftir því sem annars væri óséð.

**Að ígrunda** (e. reflect): Nemendur spyrja spurninga og útskýra. Þeir læra að hugsa um og ræða við aðra um verkin sín, og leggja mat á eigin verk og annarra.

**Að færa út landamæri eigin getu** (e. stretch and explore): Nemendur kanna nýjar leiðir og taka áhættu og eru skapandi í leik og tilraunum. Þeir þurfa að vera óhræddir við að gera „mistök“; þau leiða til nýrra, óvæntra uppgötvana.

**Að skilja listheiminn** (e. understand art world): Í myndlistakennslu læra nemendur listasögu en einnig um listheiminn nú um stundir; samtímalist. Skilningur á þessum hugarhætti gefur nemandanum tækifæri til samskipta sem listamaður við aðra listamenn, í skólastofunni og úti í samfélaginu.

## KAFLAR BÓKARINNAR

Í fyrsta kafla bókarinnar greina höfundar frá því hvers vegna þær réðust í verkefnið sem gat af sér þessa bók. Markmiðið var að komast að því hvað framúrskarandi myndlistakennarar kenna, hvernig þeir kenna og hvað nemendur læra hjá þeim.

Einnig vildu þær komast að því hvort námið og kennslan hefði áhrif á rökleiðslu nemenda í öðru námi en listum. Í kaflanum rekja þær helstu rannsóknir og verkefni sem staðhæfa yfirfærslugildi og gagnsemi lista í menntun og benda á tvennt. Í fyrsta lagi að það að réttlæta myndlistarkennslu með jákvæðum áhrifum á aðrar greinar getur orðið dýrkeypt fyrir listirnar ef í ljós kemur að afleidd gagnsemi þeirra er minni en hefðbundinna greina. Í öðru lagi segjast þær aldrei hafa borið á móti yfirfærslumöguleikum listgreina. Yfirfærsla getur átt sér stað, eða ekki, en það fer eftir því hvað er kennt og hvernig (Salomon og Perkins, 1989).

Hér kynna Hetland og félagar stuttlega í orðum og myndum líkanið sem þær þróuðu úr rannsóknarniðurstöðunum. Þær segja að rannsókn þeirra leggi grunn að upplýstum rannsóknum á yfirfærslu listnáms. Hins ber að gæta, að hvort sem yfirfærsla úr listnámi á sér stað eða ekki, þá er sú hugsun sem þroskast í listnámi mikilvæg í sjálfu sér, jafnmikilvæg og hugsun sem þroskast í hefðbundnum akademískum greinum.

Í öðrum kafla greina Hetland og félagar frá vali á skólunum þar sem rannsóknin fór fram. Hvers vegna þessir skólar og kennararnir fimm urðu fyrir valinu. Þær segja frá námi, reynslu og menntasýn kennaranna. Skólana völdu þær til að kanna hvað getur gerst í myndlistastofunni undir bestu ákjósanlegum kringumstæðum. Lýsing þeirra í orðum og myndum veitir lesandanum glögga mynd.

Á eftir inngangsköflunum tveimur kemur kjarni bókarinnar, þrjú hlutar þar sem inntakið er umfjöllun um a) vinnustofuna og hvernig kennslan fer fram, b) hugarhætti vinnustofunnar; hvað listirnar kenna, og c) samþætting vinnustofuskipulagsins og hugarhátanna.

Í fyrsta hlutanum er fjallað um hvernig kennararnir þróa ákveðna vinnustofumeningu og skipuleggja umhverfið og hvernig kennslan í vinnustofunni fer fram. Þá er sjónum beint að vinnustofuskipulaginu sem kennararnir fylgja. Hér draga höfundar upp skýra mynd af því sem á sér stað í vinnustofunni og því sem kennararnir einbeita sér að svo vinnustofan verði öflugur lærdómstaður.

Annar hluti fjallar um hvern hugarhætt sérstaklega, og er það umfjöllunarefni bókarinnar sem fær mest rými. Höfundar setja fram lifandi lýsingu á því sem fer fram í vinnustofunni þegar tekist er á við hugarhættina, einn og einn í einu. Því er lýst hvernig kennararnir kenna og nemendur læra. Vísað er í orð og athafnir kennara og nemenda og hverri umfjöllun fylgja ljósmyndir sem glæða textann frekara lífi. Í lok hverrar umfjöllunar draga höfundar saman þætti sem byggjast á ígrundun eins eða fleiri kennara og stundum nemenda.

Í þriðja og síðasta hluta bókarinnar draga Hetland og félagar upp mynd af því hvernig kennararnir í rannsókninni vefa hugarhætti vinnustofunnar inn í hverja skipulagsstoð kennslunnar. Hér eins og í öðrum köflum leiða höfundar lesandann inn í umfjöllunina með myndrænum texta og dæmum. Höfundar lýsa víðri notkun hugarhátanna eins og þeir eru kenndir og lærðir og því hvernig kennararnir greypa þá inn í skipulagsstoðirnar.

Í lokaorðum segja höfundar að greining þeirra á myndlistakennslu í vinnustofuumhverfi afhjúpi það sem þeir telja raunverulega námskrá listkennslu. Sjónum er

beint að líkaninu og undirstrikað að hér sé ekki komin uppskrift að myndlistakennslu, miklu fremur ný leið til að gefa nánari gaum að námi og kennslu í sjónlistum. Auk þess er vakin athygli á notagildi kennsluhátta vinnustofunnar í öðrum listgreinum sem og almennum námsgreinum.

## SAMANTEKT OG ÁLYKTANIR

Í bókinni takast höfundar á við tvo þætti sem telja má ómissandi í umræðu um listgreinakennslu (Lindström, 2009): a) möguleika nemenda á að yfirfæra þekkingu af einu sviði á annað, og b) myndlistánám í vinnustofuumhverfi borið saman við akademískari nálgun á myndlist. Síðarnefndi þátturinn er kjarni bókarinnar. Greining höfunda á rannsóknarniðurstöðum og umfjöllun þeirra varpa nýju ljósi á áður óskilgreinda þætti í myndlistakennslu. Telja má að bókinn hafi þegar skipað sér sess meðal ómissandi fræðiritra um myndlistakennslu. Mitt álit er að hún eigi ríkt erindi við myndlistakennaranema, bæði í grunn- og framhaldsnámi.

Hetland og félagar telja of snemmt að segja til um hvort möguleikar á yfirfærslu séu fyrir hendi. Lengi hefur verið gert það tilkall til listgreinakennslu að hún bæti getu nemenda á öðrum sviðum. Ég tel að mergur málsins sé fyrst og fremst að líta á það sem nám í listum/myndlist hefur fram að færa og óþarft sé að réttlæta listkennslu með áhrifunum á aðrar greinar. Þó má telja að hér hafi verið stigið mikilvægt skref í þá átt að sýna mögulega yfirfærslu úr listnámi í aðrar greinar.

Bókin sýnir hvernig myndlistakennsla er frábrugðin kennslu í öðrum greinum en jafnframt vekur hún athygli á þeim möguleika að nota þessa kennsluhætti í almennri kennslu. Leiða má líkur að því að hugarhættirnir gætu komið að gagni í allri kennslu og að aðferðirnar sem búa að baki þeim gætu orðið góð fyrirmynd að skapandi starfi í öllu námi.

Helsti kostur bókarinnar er að Hetland og félagar nota ný gleraugu til að skoða hliðar á myndlistakennslu sem ekki hefur verið fjallað um á þennan hátt fyrr. Höfundarnir setja fram á áhugaverðan og gegnsæjan hátt það sem raunverulega lærist í listgreinakennslu. Hér hefur verið brugðið birtu á þá þætti og ég hvet myndlistakennara og aðra til að lesa bókina.

## HEIMILDIR

Lindström, L. (2009). Studio thinking: A review essay. *International Journal of Education & the Arts*, 10 (Review 9). Sótt 2. mars 2011 af <http://www.ijea.org/v10r9>.

Salomon, G. og Perkins, D. N. (1989). Rocky roads to transfer: Rethinking mechanisms of a neglected phenomenon. *Educational Psychologist*, 24(2),113–142.

Winner, E. og Hetland, L. (2000). The arts in education: Evaluating the evidence for a casual link. *Journal of Aesthetic Education*, 34(3–4),3–10.

## UM HÖFUNDINN

*Rósa Kristín Júlíusdóttir* (rosaj@unak.is) er dósent við kennaradeild Hug-og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Hún hefur BA-próf í myndlist frá Listaakademíunni í Bologna og M.Ed.-próf í menntunarfræðum með áherslu á myndlistakennslu frá Háskólanum á Akureyri. Rósa starfar jöfnum höndum að myndlist og kennslu. Rannsóknáherslur hennar beinast einkum að hlutverki og gildi fagurfræðilegrar upplifunar í daglegu lífi barna og ungmenna, og samtímalist og sjónmenningu í menntun.